

035/00 - Bv. Björgvin EA-311

Björgvin EA-311, skipverji slasast þegar frystipönnur falla af vagni

Bv. Björgvin EA-311

Skipaskr.nr.: 1937

Smíðaður: í Noregi 1988 úr stáli

Stærð: 498,83 brl; 1.142,00 bt

Lengd: 50,53 m **Breidd:** 12,00 m **Dýpt:** 7,30 m

Vél: Deutz 1.850,00 kW **Árgerð:** 1988

Annað:

Földi skipverja: 24



Björgvin ©Óskar Þór Halldórsson

Atvikalýsing

Hinn 8. febrúar 2000 var bv. Björgvin EA-311 að veiðum vestur af Garðskaga. Veður: slæmt veður austnorðaustan 8-10 vindstig.

Lónað var á meðan skipverjar voru að ganga frá afla. Einn skipverji var að taka frystipönnur úr frystitæki og setja á vagn sem notaður var til að flytja afurðirnar að frágangsborði. Þegar verið var að taka síðustu pönnur úr frystitækinu valt skipið djúpa veltu (skipið hjó illa) með þeim afleiðingum að pönnurnar fóru af vagninum og á skipverjann og slasaðist hann. Hlúð var að skipverjanum um borð og skipinu siglt til hafnar, en þangað var komið daginn eftir, þar sem honum var komið í hendur lækna.

Við rannsókn kom fram

- að slasaði var einn að vinna þar sem atvikið átti sér stað og því engin vitni;
- að ekki er samræmi í lögregluskýrslu og því sem skráð er í dagbók skipsins.

Nefndarálit

Nefndin telur að af þeim gögnum sem fyrir hendi eru, sé ekki hægt að álykta í þessu máli.